

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

a) *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, Fljótsbakka 30 og 32.*

Breytingin felst í því að aðkoma á lóð nr. 30 sem legið hefur um lóð nr. 32 við Fljótsbakka verður á milli lóða nr. 29 og 32.

b) *Deiliskipulag frístundabyggðar á Kvíanesi í landi Efri-Brúar, Grímsnes- og Grafningshreppi.*

Deiliskipulagið er um 15,2 ha á svæði sem afmarkast af Úlfljótsvatni, Þingvallavegi (nr. 36) og landi Kvíaness að sunnan. Gert er ráð fyrir 23 frístundalóðum.

c) *Deiliskipulag frístundabyggðar Miðborga í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.*

Deiliskipulagið er um 62 ha þar sem gert er ráð fyrir 56 frístundalóðum.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. október 2003.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps sér til þess, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, s.s. móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.